

Íslenskur iðnaður

07. tölublað 15. árg.

Júlí 2009

Samtök iðnaðarins

SI



Þann 1. júlí voru 40 ár liðin frá því að byrjað var að framleiða ál í Straumsvík. Af því tilefni efndi fyrirtækið til fjölskylduhátíðar í álverinu þar sem fjölbreytt skemmti- og fræðsludagskrá var í boði fyrir alla fjölskylduna. Rúmlega 5.000 manns komu á hátíðina. Samningar um byggingu álvers á Íslandi voru undirritaðir árið 1966 og þremur árum síðar hófst framleiðslan. Framleiðslugeta álversins var í upphafi um 33.000 tonn á ári. Síðan hefur verkmiðjan verið stækkuð fjórum sinnum og hefur framleiðslugetan aukist upp í 180.000 tonn á ári.



Stöðugleikasáttmáli undirritaður



Vilmundur Jósefsson varaformaður SA, Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA og Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ í Þjóðmenningahúsinu við undirritun sáttmáls þann 25. júní



Skrifstofa Samtaka iðnaðarins er lokuð vegna sumarleyfa frá 20. júlí til 7. ágúst.

Óskum félagsmönnum og öðrum lesendum Íslensks iðnaðar gleðilegs sumars.

bls. 2



Samheldni og samstaða

bls. 3



Gámaþjónustan 25 ára

bls. 4 - 5



Litið um öxl

bls. 7



Tekið á losun gróðurhúsa-lofttegunda



Gott til endurvinnslu

Samheldni og samstaða

Samtök iðnaðarins eru hagsmunasamtök. Í því felst að þau berjast fyrir hagsmunum iðnaðarins í landinu. SI eru stór og öflug samtök með rúmlega 1.100 aðildarfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Viðfangsefni þeirra og hagsmunir eru að sama skapi fjölbreyttir og um leið falla þeir ekki ávallt saman í öllum atriðum. Hitt er augljóst að það er meira sem sameinar en sundrar. Það gerir SI mögulegt að kljást við hin stóru hagsmunamál um leið og þau reyna að þjóna félagsmönnum sínum í stóru sem smáu.

Þessi misserin hefur sjaldan eða aldrei legið meira við að iðnaðurinn eigi sterk samtök, sterkan málsvara sem talar máli iðnaðarins í þeim sviptingum sem nú skekja atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar. Því fleiri og virkari félagsmenn sem skipa raðir SI þeim mun meiri slagkraft hafa þau.

Ástæða er til þess að rifja upp það sem segir í lögum SI um meginhlutverk og tilgang. Þar segir m.a. að SI eigi að „þjóna íslenskum iðnaði og gæta hagsmuna hans á innlendum og erlendum vettvangi ... að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda, fjármálastofnana, opinberra stofnana og annarra sem tengjast starfsemi iðnaðarins, með það að markmiði að íslenskum fyrirtækjum verði búin starfsaðstaða sem gerir þau samkeppnishæf á innlendum og erlendum mörkuðum, án hindrana og með arðbærum hætti ... að fylgjast vel með alþjóðlegri samningagerð á vegum opinberra aðila og aðstoða þá við að meta þá þætti slíkra samninga er varða hagsmuni iðnaðarins hér á landi og á erlendum mörkuðum.“

Afdrifaríkar ákvarðanir

Flest bendir til þess að á næstunni verði fjallað um eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, hvort Ísland verður aðili að Evrópusambandinu eða ekki. Niðurstaða þess máls mun hafa afgerandi áhrif á starfskilyrði atvinnulífsins og umgjörð efnahagsmála. SI hafa fjallað um þau mál og mótað sér þá stefnu að sækja beri um aðild. Á vettvangi SI er að hefjast starf sem tekur mið af áformum stjórnvalda um að leggja inn umsókn á næstunni og að líklegt sé að aðildarviðræður hefjist á næsta ári. Til þess leiks mun iðnaðurinn mæta vel undirbúinn. Aðildin að ESB er gott dæmi um viðfangsefni þar sem þrengri hagsmunir allra félagsmanna fara ekki endilega saman enda þótt heildarhagsmunirnir geri það. Þess vegna er mikilvægt að vanda mjög til verka í þessu efni og það verður gert.

Svört vinna og skattsvik

Miklir erfiðleikar steðja að í efnahagsmálum og augljóst er að draga verður saman svo um munar í opinberum útgjöldum og auka skattbyrði til þess að ná endum saman. Um þetta er ekki deilt þó ágreiningur sé um aðferðafræði og hlutfall niðurskurðar og skattheimtu. Um hitt hljóta allir að vera sammála að það er óþolandi með öllu að sumir sleppi við að standa skil á sínu. Hrein skattsvik, svört vinna, misnotkun bóta og þar fram eftir götunum kosta samfélagið tugi milljarða. Tugi milljarða sem þarf að sækja með niðurskurði eða hærri sköttum til hinna sem standa skil á sínu. Gegn



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

þessu þarf að berjast með kjafti og klóm. SI eru að hleypta af stokkunum herferð gegn þessu böli og beina því sérstaklega til félagsmanna sinna að fara að lögum og reglum í sínum rekstri. Þá er einnig hægt að ætlast til þess af öðrum.

Veljum hvert annað

Samtök iðnaðarins eru hagsmunasamtök en þau eru líka félagsskapur. Félagsskapur þeirra sem vilja vinna saman að hagsmunamálum iðnaðarins, efla hann og styrkja með ráðum og dáð. Félagsskapur þeirra sem líta ekki eingöngu í eigin barm og meta alla hluti af þeim sjónarhóli einum heldur þeim að leggja sitt af mörkum í þágu almennra hagsmuna. SI hafa að undanfögnu hvatt landsmenn til þess að velja íslenskt til þess að efla þjóðarhag. Við því ákalli hefur verið vel brugðist. Ástæða er til þess að brýna félagsmenn Samtaka iðnaðarins til að skoða vandlega í eigin viðskiptum hvort samherjar þeirra innan SI þjóna ekki fram vöru og þjónustu sem hentar þeirra rekstri. Það gefur félagskap okkar enn aukið gildi og eykur sameiginlegan styrk okkar.

Nýsköpunarverðlaunin 2009



Mentis Cura hlaut Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs árið 2009. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra afhenti Kristni Johnsen, framkvæmdastjóra og stofnanda Mentis Cura verðlaunin á Nýsköpunarþingi.

Mentis Cura hefur þróað aðferðir til að greina heilabilanir með heilaritum og nútíma myndgreiningartækni. Fyrirtækið stundar viðamiklar klínískar rannsóknir og þróar reiknirit sem miðast m.a. að því að styðja við greiningu Alzheimer sjúkdómsins og ofvirkni í börnum.

Gámaþjónustan 25 ára



Starfsmenn taka á

Friðgerður starfsmaður Gámaþjónustunnar og hinn eini sanni Ragnar Bjarnason

Gámaþjónustan hf. hélt nýlega upp á 25 ára afmæli sitt með tveggja daga hátíðarhöldum fyrir starfsfólk, viðskiptavini og velunnara.

Benóný Ólafsson stofnaði Gámaþjónustuna ásamt fjölskyldu sinni og vinum. Í upphafi var hann eini starfsmaðurinn og sinni öllum verkum en nú eru starfsmenn Gámaþjónustunnar um 200 talsins.

Fyrirtækið er elsta einkafyrirtækið á sínu sviði og hefur frá fyrstu tíð einbeitt sér að umhverfismálum undir slagorðinu *Bætt umhverfi – betri framtíð*. Sumir viðskiptavinir hafa verið í föstum viðskiptum frá upphafi og fylgst vel með hraðri þróun málaflokksins.



Á undanförunum árum hefur starfsemin beinst í síauknu mæli að söfnun og meðhöndlun endurvinnsluafna í stað óflokkaðs úrgangs sem áður fór allur til urðunar. Nú flytur fyrirtækið út mikið af pappír, pappa og plasti til endurvinnslu erlendis.

Fyrirtækið hefur frá 1999 byggt upp stórt svæði við Berghellu í Hafnarfirði



Talið frá vinstri: Ingi Arason, Benóný Ólafsson, Sveinn Hannesson, Elías Ólafsson, og Jón Ísaksson

þar sem er meðal annars móttöku- og flokkunarhús, endurvinnslustöð fyrir almenning og fyrirtæki og fullkomin jarðgerðarstöð. Framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar er Sveinn Hannesson.

100.000 þúsund vinnustundir án slysa

Íslenskir aðalverktakar náðu þeim merka áfanga á dögnum að ná 100.000 vinnustundum án slysa við álfersframkvæmdir í Helgúvík. Kristján Björgvínsson, framkvæmdastjóri öryggismála telur þetta í fyrsta sinn sem þessi árangur næst við almenna byggingaframkvæmd á Íslandi.

Íslenskir aðalverktakar hófu framkvæmdir í Helgúvík þann 15. maí 2008 og 28. maí síðastliðinn eða rúmu ári seinna náði verkið 100.000 vinnustundum án fjarveruslyss. Í verkinu, þar sem Norðurál eru verkkaupinn, eru öryggiskröfur mjög strangar en grunnbúnaðurinn sem allir starfsmenn á svæðinu þurfa að nota eru öryggisskór, hjálmur, öryggisgleraugu og endurskinsfatnaður.

Fyrirtækið hefur um langt skeið haldið uppi virku öryggiseftirliti á vinnustöðum sínum. Mikilvæg forsenda fyrir því að slíkt starf beri árangur er að allir starfsmenn og stjórnendur séu vakandi fyrir öryggismálum og þeim fyrirbyggjandi

aðgerðum sem þörf er á í hvert skipti. Einnig er nauðsynlegt að allir innan fyrirtækisins vinni með samstilltu átaki að öryggismálum. Ítarleg öryggishandbók hefur verið gefin út og þakkar Kristján henni fækkun slysa.

Öll atvik eru skráð, hvort sem það er skráma á putta eða alvarlegri áverkar. Skipulagðar eftirlitsferðir eru farnar á hverjum degi þar sem allar aðfinnslur sem viðkoma öryggismálum eru skráðar og lagfærðar, helst á staðnum. Þá þurfa allir nýir starfsmenn að sitja tveggja tíma öryggisnámskeið og upprifjunarnámskeið innan árs frá því að starfsmaðurinn hóf starf, segir Kristján. „Á hverjum degi eru svo haldnir morgunfundir þar sem farið er yfir verk dagsins, öryggismál rædd, áhættugreiningin skoðuð og svokallað startkort er fyllt út af starfsmönnum. Startkortid tengist áhættugreiningunni beint, þannig að þegar starfsmaður fyllir það út á morgnana er hann um leið að minna sig á



hugsanlegar áhættur sem geta fylgt starfinu sem hann er að fara að framkvæma hverju sinni.“ Allir starfsmenn þurfi að kvitta á startkortid. Aðeins með slíkri samvinnu sé hægt að koma í veg fyrir slys og heilsutjón þeirra sem hjá fyrirtækinu starfa, sagði Kristján að lokum.

Verktaka- starfsemi blæðir út

útdráttur úr ályktun
stjórnar SI



Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka ákvörðun sína um 12 milljarða niðurskurð til samgöngumála til endurmats.

Ríkisstjórnin hefur boðað áherslu á mannaflsfrekar framkvæmdir, en vikur nú skyndilega af þeirri braut og boðar stórfelldan niðurskurð. Eðlileg viðbrögð ábyrgtar ríkisstjórnar hefðu verið að verja áætlanir um uppbyggingu og kalla til viðbótar eftir liðsinni frá lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í formi einkaframkvæmda. Einkaframkvæmd nokkurra stórra verkefna kemur aldrei í stað almennra opinberra útboða eins og þau hafa viðgengist hérlendis um áratuga bil. Enda er viðbragðstími slíkra verkefna það langur að þeim verður ekki hrint af stað fyrr en um mitt næsta ár, svo lengi geta íslensk verktakafyrirtæki ekki beðið.

Verktakastarfsemi hvers konar hefur orðið fyrir einna mestum búsigfjum í kreppunni. Tölur um gjaldprot fyrirtækja og gríðarlegt atvinnuleysi í greininni tala þar skýrustu máli. Það er því ótrúlegt að lesa fréttir um að Vegagerðin neyðist til að hætta við allar nýframkvæmdir vegna þess að ríkisstjórnin boðar niðurskurð upp á 3,5 milljarða á þessu ári og 8,2 milljarða á því næsta. Með þessu er verið að dæma fleiri fyrirtæki til gjaldbrots og enn fleira fólk til atvinnuleysis. Þúsundir manna hafa þegar misst vinnuna undanfarna mánuði.


Þegar mest var störfuðu 16.000 manns í mannvirkjagerð. Árum saman voru 10

til 12 þúsund manns starfandi í greininni, en nú stefnir fjöldinn í einungis 4.000. Niðurskurður er óumflýjanlegur eins og staðan er orðin, en óþolandi er að hann bitni allur á mannvirkjagreinum. Þeim byrðum verður að dreifa og þar á opinber rekstur síst að vera undanskilinn. Mikilvægt er að sú mikla aukning á samneyslu sem orðið hefur frá árinu 2001 gangi til baka og forgangsraðað verði upp á nýtt í ríkisrekstri.

Sjá má ályktun stjórnar SI í heild sinni á www.si.is.

Litið


Íslenskt efnahagslíf stendur á tíma-
mótum í kjölfar þess að bankakerfið
lagðist að mestu á hliðina sl. haust. Fyrir
réttu ári virtist einsýnt að framundan
væri niðursveifla í efnahagsbúskapnum.
Gengi krónunnar var orðið nokkuð veikt,
hlutabréf höfðu lækkað mikið og lausa-
fjárvandræði voru að hrjá fjármálakerfi
heimsins. Fæsta óraði þó fyrir kerfishruni
í bankakerfinu og gjaldryskreppu sem
enn sér ekki fyrir endann á. Atvinnuleysi
er nú hærra en dæmi eru um á Íslandi
eða 10% en það endurspeglar auðvitað
erfiða stöðu fyrirtækja í landinu. Mikil
skuldsetning hrjáir fyrirtæki og almenn-
ing í landinu og á sama tíma og tekjur
minnka eru skattar og álögur að aukast.



Frelsi í alþjóðlegum viðskiptum

Eftir að þjóðarsáttarsamningar voru gerðir við upphaf tíunda áratugarins tók við 8-9 ára tímabil lágrar verðbólgu. Gengi krónunnar var haldið stöðugu innan vikmarka en efnahagslífið óx hins vegar hægt og atvinnuleysi var hátt í sögulegu samhengi. Eftir því sem frelsi jókst í alþjóðlegum viðskiptum reyndist erfitt að viðhalda föstu gengi krónunnar

Hlutfallsleg skipting vöruútflutnings 2009



Fyrstu fimm mánuðina 2009 voru fluttar út vörur fyrir 171,1 milljarð króna en inn fyrir 146,9 milljarða króna. Afgangur var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 24,2 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau óhagstæð um 41,5 milljarða á sama gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 65,7 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma árið áður.

Á föstu gengi hefur verðmæti útflutnings dregist saman um 30,4% en verðmæti innflutnings um 48,8%. Verðþróun á erlendum mörkuðum hefur haft neikvæð áhrif á vöruskiptin en veik króna bætir það upp á móti. Almenn er gert ráð fyrir að verð á áli fari hækkandi á næstunni og við það batnar vöruskiptajöfnuðurinn. Það gæti jafnframt haft áhrif til styrkingar á gengi krónunnar.

Haggtölur iðnaðarins 2009


um öxl

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

og var það sett á flot með nýjum lögum um Seðlabankann árið 2001. Við það féll gengið skarplega, verðbólga jókst mikið og stutt niðursveifla varð í efnahagslífinu árið 2002.

Uppsveifla í efnahagslífinu

Seint á árinu 2004 tók efnahagslífið kröftuglega við sér á ný. Fjárfestingar voru miklar og umbylting varð á húsnæðismarkaðnum sem olli miklum hækkunum á fasteignaverði. Vegna þess jókst verðbólga mikið og til að bregðast við því hófst langvarandi vaxtahækkunarferli Seðlabankans. Markmið með hærri vöxtum var að draga úr útlánum og minnka neyslu. Reyndin varð þveröfug. Auðvelt aðgengi að erlendu lánsfé og mikill vaxtamunur beinlínis hvatti fyrirtæki og heimili til erlendar lántöku. Við þetta styrktist gengi krónunnar enn frekar og var um árabíl mun sterkara en staðist gat til lengdar. Þetta birtist auðvitað í miklum viðskiptahalla og tilsvandi erlendri skuldaföfnun. Á árunum 2004-2006 nam hallinn 10-25% af landsframleiðslu. Útþensla bankakerfisins jók enn á þetta misvægi í viðskiptum við útlönd. Ein birtingarmynd góðærisins kom fram á vinnmarkaði. Um árabíl nam hækkun launa um og yfir 10% en vegna verðbólgu hækkuðu raunlaun að sama skapi. Atvinnuleysi var lítið sem ekkert og margar atvinnugreinar áttu erfitt með að



laða til sín starfsfólk, sérstaklega útflutningsgreinarnar því vegna sterkrar stöðu krónunnar var samkeppnishæfni þeirra lítil. Á meðan góðærið stóð sem hæst voru skattar líka lækkaðir. Frá hagstjórnarsjónarmiði verður að teljast hæpið að auka enn á þensluna með lækkun skatta. Nær hefði verið að styrkja enn frekar fjárhag hins opinbera og búa í haginn fyrir verri tíð.

Spilaborgin fellur

Hagvöxtur á þessum árum var ríflega 7% en eins og viðskiptahallinn gaf til kynna var stór hluti góðærisins tekinn að láni í útlöndum. Þannig byggðist góðærið á vilja útlendinga til að lána okkur peninga og trú þeirra á að við gætum staðið við skuldbindingar okkar.

Um leið og sú trú brast féll kerfið eins og spilaborg. Gengið féll, erlendar skuldir jukust mikið og áhlaup varð á íslensku bankana sem markaði upphafið að þeirri kreppu sem við nú stöndum frammi fyrir.

Áhrif þessarar efnahagsþróunar var mjög misjöfn á ólíkar greinar iðnaðarins. Á meðan veislan stóð sem hæst blómstraði byggingariðnaður og mannvirkjagerð. Vel gekk í þjónustuiðnaði, sérstaklega hjá þeim sem voru verndaðir gegn erlendri samkeppni. Mörg af stærstu iðnfyrirtækjum landsins uxu mikið á þessu tímabili en vegna óstöðugs gengis og vondrar samkeppnisstöðu tóku mörg þeirra út vöxtinn erlendis. Öll nýsköpun í iðnaði var erfið, aðgangur að starfsfólki var lítil og samkeppni um fjármagn erfið. Af þessu verður ekki dregin önnur ályktun en að okkar eigið kerfi og ákvarðanir hafi vegið þyngst í að byggja upp þá stöðu sem síðan féll. Kerfið byggði á að halda úti minnsta frjálsa gjaldmiðli í heimi með sjálfstæðum Seðlabanka. Þetta gekk um tíma á meðan erlendir lánadrottinnar höfðu trú á okkur. Stóra spurningin núna er sú hvort hægt sé að byggja á þessu kerfi á næstu árum. Reynsla síðustu ára gefur ekki góð fyrirheit.

Erfið verkefni framundan

Framundan eru ákaflega erfið verkefni í efnahagsbúskapnum og ljóst að það verður þrautin þyngrri að standa undir endurreisn bankakerfisins og atvinnulífsins. Á sama tíma er geta hins opinbera til að örva efnahagslífið mjög takmörkuð þar sem vextir eru enn háir og svigrúm í opinberum fjármálum til að auka eftirspurn er ekkert. Það er því verðugt verkefni að líta til þess hvernig sú umgjörð sem efnahagslífið hefur verið í síðustu ár hefur reynst og velta því upp með hvaða hætti atvinnulífið getur þróast í framtíðinni innan þess kerfis. Með því móti er betur hægt að gera sér grein fyrir þeim valkostum sem við stöndum frammi fyrir.

Áhrif aðildar að Evrópusambandinu á iðnaðinn

Á vettvangi Samtaka iðnaðarins er hafin ítarleg greining á þeim áhrifum sem aðild Íslands að Evrópusambandinu mun hafa á félagsmenn SI. Íslenskur iðnaður er ákaflega fjölbreyttur hvernig sem á það er lítið og hagsmunirnir því að sama skapi margvíslegir þó þeir séu í grundvallaratriðum þeir sömu þegar kemur að starfsskilyrðum. SI hafa alla tíð stutt aðild Íslands að sambandinu en greining af því tagi sem nú stendur fyrir dyrum verður mun ítarlegri en áður hefur farið fram og hefur margvíslegan tilgang.

Sérstakur stýrihópur ber ábyrgð á verkefninu en Bjarni Már Gylfason hag-

fræðingur SI stýrir því frá degi til dags. Hann segir kærkomið tækifæri til að fara í ítarlega greiningu á starfsskilyrðum iðnaðarins í kjölfar bankahrunsins. „Við okkur blasir nýr veruleiki sem er ólíkur öllu því sem við höfum áður kynnst. Við erum enn í gjaldeyriskreppu, vextir eru ógnarháir þótt enginn eftirspurnarþrýstingur sé í hagkerfinu, verðbólga er há, fasteignamarkaðurinn er frosinn, aðgangur að lánsfé er afar takmarkaður, bankakerfið er enn ófullburða og atvinnuleysi í áður óþekktum hæðum.“ Við þessar erfiðu efnahagslegu aðstæður sé þessi vinna mjög tímabær. Vinna

stýrihópsins mun byggjast á því að bera saman mögulega þróun iðnaðar á Íslandi miðað við að standa utan eða innan ESB. „Við sjáum einnig fyrir okkur að þessi vinna geti orðið liður í því að efla tengsl við félagsmenn og fá þá í auknu mæli til að taka þátt starfinu hjá SI“, segir Bjarni Már.

Nú er verið að skipuleggja verkefnið og klára undirbúningsvinnu en reiknað er með að vinnan fari af stað af fullum þunga strax í lok ágúst. SI hafa leitað til sérfræðinga úr háskólasamfélaginu til þess að koma að verkefninu.

Tekið á losun gróðurhúsalofttegunda

Sýnd veði en ekki gefin



Niðurstöður sérfræðinganevndar umhverfisráðuneytis um gróðurhúsalofttegundir sýna að talsverðir möguleikar eru á að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Margt getur þurft að koma til svo af breytingum verði, svo sem upphafs fjárfestingar, skipulagsbreytingar og breytt hegðun almennings og atvinnulífs. Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá SI á sæti í nefndinni.

Nefndin var skipuð af umhverfisráðherra vorið 2007 til að fjalla um tæknilega möguleika á að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda í orkuframleiðslu, samgöngum og eldsneytisnotkun, iðnaðarferlum, sjávarútvegi, landbúnaði og meðferð úrgangs. Einnig átti nefndin að kanna möguleika á að beita öðrum mótvægisáðgerðum, t.d. bindingu kolefnis og notkun sveigjanleikaákvæða Kyoto-bókunarinnar til að minnka nettóútstreymi. Nefndin hefur nú skilað yfirliti yfir það hvernig vinna megi gegn losun gróðurhúsalofttegunda í mismunandi samfélagsgeirum fram til ársins 2020.

Niðurstöður nefndarinnar sýna að tæknilega er mögulegt að draga umtalsvert úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Er talið mögulegt að draga úr útstreymi til ársins 2020 um 52% miðað við grunnspá, sem hefði í för með sér að útstreymi yrði 34% lægra árið 2020 en árið 1990.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu umhverfisráðherra um að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda um 15% fram til ársins 2020.

Aukin losun

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jókst á árunum 1990 til 2007 um 32%. Útstreymi jókst í öllum atvinnugreinum nema fiskveiðum, fiskimjölsvinnslu og landbúnaði. Mest jókst útstreymi frá járnblendiframleiðslu og álframleiðslu. Þó hefur dregið úr útstreymi á hvert framleitt áltonn, en álframleiðsla jókst um nærri 420% á tímabilinu.

Möguleikar

Samkvæmt skýrslunni sem nefndin lét frá sér eru ekki taldir miklir möguleikar á að ná fram minnkun á losun frá stóriðju á þessu tímabili en tækifæri felast í bindingu gróðurhúsalofttegunda með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.

Hægt er að ná fram töluverðri minnkun útstreymis með margvíslegum mótvægisáðgerðum í samgöngum og margar með hreinum fjárhagslegum ávinningi. Mestir möguleikar eru fyrir hendi í sjáv-

arútvegi, ef ekki er tekið tillit til kostnaðar.

Kostnaður

Kostnaður við mótvægisáðgerðir er mismikill en ljóst er að ódýrar áðgerðir geta skilað umtalsverðum árangri. Kostnaðurinn spannar allt frá áðgerðum sem gefa hreinan fjárhagslegan ávinning svo sem aukin áhersla á göngu og hjólreiðar, eða aukin notkun sparneytnari bifreiða, til mótvægisáðgerða sem eru fremur dýrar, t.d. raf- eða vetnisvæðing samgangna. Þó ber að hafa í huga að við tækniframfarir er líklegt að kostnaður dýrari áðgerða geti lækkað umtalsvert þegar til lengri tíma er litið. Kostnaðargreiningin er þröng því eingöngu er horft til fjárfestingakostnaðar en ekki þjóðhagslegs kostnaðar. Túlka ber niðurstöðurnar sem mat á tæknilegum möguleikum til að draga úr útstreymi, en hvort af þeim áðgerðum verður fer m.a. eftir kostnaði, hagþróun, innleiðingu tækninnar auk stjórnvaldsaðgerða.

Skýrslu nefndarinnar má nálgast á vefsetrinu www.umhverfisraduneyti.is.

Verðlaunasjóður iðnaðarins

auglýsir eftir ábendingum um verðlaunahafa árið 2009

Stjórn Verðlaunasjóðs iðnaðarins leitar eftir ábendingum um verðugan verðlaunaþega sjóðsins árið 2009 sem veitt yrðu á haustdögum.

Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Í samþykktum sjóðsins er eftirfarandi leiðbeining um val á verðlaunaþega:

1. Verðlaunin skal gjarnan veita fyrir uppfinningar sem líklegar teljast til að koma íslenskum iðnaði að gagni.
2. Verðlaunin má einnig veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir happadrjúga forystu í uppbyggingu iðnaðar, hvort sem er til innanlands nota eða til sölu erlendis eða fyrir forystu á sviði iðnaðarmála almennt.
3. Verðlaunin má veita fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu t.d. sem fram kynni að koma á iðnsýningum eða kaupstefnum.
4. Verðlaunin má einnig veita fyrir hönnun, sem er sérlega vel heppnuð að dómi sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórnin hefur að þessu sinni ákveðið að horfa sérstaklega til hönnunar sem m.a. nýtist við verðmætasköpun og uppbyggingu fyrirtækis á sviði iðnaðar.

Stjórn sjóðsins hvetur félagsmenn SI, félög hönnuða og aðra til að koma með ábendingar um verðlaunahafa sem fallið geta vel að einu eða fleiri atriðum í framangreindum leiðbeiningum.

Ábendingum má koma á framfæri við Davíð Lúðvíksson hjá SI í síma 591 0100 eða á netfangið david@si.is fyrir 1. september nk. Nánari upplýsingar á www.si.is.

Útiræktun á erfða- breyttu byggji heimil



ORF Líftækni hf. hefur fengið leyfi frá Umhverfisstofnun til útiræktunar í tilraunaskyni á erfðabreyttu byggji. Leyfið var veitt með ströngum skilyrðum og undir eftirliti Umhverfisstofnunar.

Meðal skilyrða sem stofnunin setur fyrir ræktuninni er að henni verði árlega skilað ítarlegri skýrslu um framgang og niðurstöðu tilraunarinnar, að ræktunarsvæði verði girt varðbælti með höfnum og að svæðið verði látið standa óhreyft í tvö sumur eftir að notkun lýkur.

Hátæknigróðurhús í Grindavík

Í dag fer öll framleiðslan fram í hátækni-aðstöðu fyrirtækisins í Grindavík en þar hefur fyrirtækið reist eitt fullkomnasta gróðurhús landsins undir starfseminu. Þegar framleiða þarf sérvirk prótín í jafn miklu magni er gróðurhúsaræktun þó bæði óhentug og erfið og því hefur ORF í hyggju að nýta sér útiræktun fyrir framleiðsluna.

Tilraunum mótmælt

Nokkur andstaða hefur verið við fyrirhugaða útiræktun ORF á bygginu og var fulltrúum Umhverfisstofnunar m.a. afhentur undirskriftalisti með um þúsund nöfnum á opnum fundi um málið í byrjun júní. Auk þess var almenningur hvattur til þess að senda póst á stofnunina til að koma í veg fyrir að leyfið yrði veitt.

Áhyggjur mótmælenda beinast fyrst og fremst að því að erfðabreytta byggji dreifi sér um íslenska náttúru með óafturkræfum afleiðingum.

Hverfandi líkur á útbreiðslu

Í niðurstöðu um mat á hvort heimila skuli ræktunina segir að Umhverfisstofnun telji hverfandi líkur á útbreiðslu hins erfðabreytta byggs út fyrir tilraunareit og á mögulegri víxlfrjóvgun erfðabreytta byggsins við annað bygg eða plöntur. Jafnframt telur stofnunin að hverfandi líkur séu á að þau græðisprótein sem fyrirhugað er að nota muni hafa neikvæð áhrif á lífríki á ræktunarstað.

ISOkin vaxtarþættir

ORF Líftækni framleiðir og selur verðmæt sérvirk prótein, svokallaða ISOkin vaxtarþætti, sem notuð eru í læknisfræðilegum rannsóknum, lyfjapróun og lyf. Framleiðslan fer fram í erfðabreyttu byggji og er mun hagkvæmari og hreinni en hefðbundin framleiðsla í bakteríum eða spendýrafrumum. Einnig felst mikið öryggi í að framleiða slík prótín í plöntum sem ekki geta borið sýkingar í menn.

Afmörkun

Í ræktun á erfðabreyttu byggji fyrirtækisins er afmörkun lyklatríði. Bygg frjóvgast einungis af eigin frjódufti, sem skilur það frá flestum öðrum plöntum sem nota frekar víxlfrjóvgun og dreifa þar með frjódufti sínu og genum til annarra plantna. Þetta ræður úrslitum um afburða afmörkun erfðabreyttra byggplantna. Auk þess sem náttúrufar á Íslandi útilokar að plantan geti dreifst út í umhverfið. Umfangsmiklar rannsóknir á afmörkun byggs, sem byggðar voru á fyrri útiræktunaleyfum ORF, sýndu að engin merki um víxlfrjóvgun fundust milli erfðabreytts byggs og annars sem ræktað var í minna en eins metra fjarlægð.

Sóknarfæri

ORF Líftækni er nýsköpunarfyrirtæki, byggt á íslensku hugviti, sem gefur tækifæri til verðmætasköpunar og uppbyggingar græns iðnaðar sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á verðmætum afurðum. Mikil sóknarfæri liggja í þessari tækni fyrir íslenskt atvinnulíf og full ástæða er til að búa greininni samþærileg skilyrði og tíðkast í samkeppnislöndum.



Vaxtarþáttur úr Grænni smiðju ORF í Grindavík notaður í húðvörur



Fyrstu húðvörurnar með vaxtarþætti sem framleiddur er í Grænni smiðju ORF Líftækni í Grindavík verða brátt settar á markað í Bandaríkjunum, samkvæmt nýjum samningi ORF Líftækni og bandaríska húðvöruyfirtækisins Ronald L. Moy, MD. Inc.

Samningur fyrirtækjanna er til þriggja ára og hefur verulega þýðingu fyrir ORF Líftækni sem mun bæta við sig starfsfólki í kjölfarið og auka framleiðslugetu sína. Þetta er í fyrsta skipti sem vaxtarþættir, framleiddir í plöntum, eru notaðir í húðvörur.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu segir Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri Orf líftækni að mikil tækifæri séu fyrir grænar afurði fyrirtækisins á markaði fyrir húðvörur, enda sé mikið öryggi falið í því að framleiða slík prótein í plöntum.

„Það er sérstaklega ánægjulegt að þessi fyrstu spor okkar inn á markað fyrir húðvörur séu tekin í samstarfi við einn virtasta húðlækni Bandaríkjanna og það mun án vafa styrkja frekari sókn okkar inn á þann markað“ segir Björn Lárus.

Það sérvirka prótein sem um ræðir er vaxtarþáttur sem er húðfrumum nauðsynlegur til vaxtar og viðhalds. Vaxtarþátturinn örvar meðal annars frumur til að lagfæra skemmdir af völdum sólbruna og spornar gegn almennti hrörnun húðarinnar. ORF Líftækni og húðvöruyfirtækið Ronald L. Moy, MD. Inc. hafa unnið saman undanfarið ár að rannsóknum og þróun á notkun vaxtarþátta í húðvörum.

Meistaraverk!

Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**

